

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Gísla Tryggvasyni

Lagt fram á 16. fundi Stjórnlagaráðs, 12. júlí 2011

Mannréttindi

7. Skoðana- og tjáningarfrelsi

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara samkvæmt lögum ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.	Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar. Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. <u>Óheimilt er að skerða aðgang að netinu og upplýsingatækni nema með úrlausn dómara samkvæmt lögum ef nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi.</u> Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna.	Öll erum við frjáls skoðana okkar og sannfæringar og eigum rétt á að tjá hugsanir okkar. Stjórnvöld skulu tryggja aðstæður til opinnar og upplýstrar umræðu. Óheftur aðgangur að netinu og upplýsingatækni skal tryggður. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. Þó má setja tjáningarfrelsi skorður með lögum til verndar börnum, öryggi, heilsu, réttindum eða mannorði annarra, svo sem nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi. Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.

Skýring:

Hér er lögð til umorðun úr „jákvæðu“ orðalagi, sem nú er í tillögu A-nefndar, sem bendir til þess að borgararnir eigi réttindi á hendur ríkinu; í breytingartillögunni er stungið upp á „neikvæðu“ orðalag sem tryggi borgarana gagnvart íhlutun handhafa ríkisvalds (eða annarra, sbr. 3. gr. um lárétt þriðjamannsáhrif mannréttinda). Hið fyrrnefnda er stundum kennt við efnahagsleg og félagsleg réttindi en ljóst er af máli fulltrúa í A-nefnd að slíkt er ekki markmið nefndarinnar heldur hitt að tryggja borgurunum frelsisréttindi – þ.e. frelsi frá íhlutun eða skerðingu réttar til nets eða upplýsingatækni.

Nauðsynlegt virðist hins vegar að hafa fyrirvara í niðurlaginu eins og í öðrum mannréttindaákvæðum enda mætti ímynda sér að takmarka þyrfti að meira eða minna leyti netaðgang refsifanga meðan á afplánun stæði eða skerða slíkan aðgang dæmnds manns jafnvel um lengri tíma ef dæmt brot tengdist tölvuglæpum eða áreiti með netinu án þess að það sé útfært hér. Við orðalag fyrirvarans í niðurlagi er höfð hliðsjón af öðrum slíkum fyrirvörum í mannréttindaákvæðum áfangaskjalsins eins og það stendur nú á 16. ráðsfundi. Ekki verður séð hvort og þá hvaða atriði á borð við öryggi, heilsu, réttindi eða mannorð annarra skuli nefna til viðbótar og er því ekki gerð tillaga um dæmatalningu í því efni.

Þar sem tillaga nefndar A lýtur að því að gera netaðgang og aðgang að upplýsingatækni að grundvallarréttindum er eðlilegt að aðeins dómsúrskurður í tilviki fanga eða dómur í tilviki ákærðs manns gæti skert þessi réttindi en ekki ákvörðun handhafa framkvæmdarvalds, t.d. fangelsisstjóra. Hugtakið úrlausn dómara nær þá bæði til dómsúrskurða í fyrra tilvikinu og t.a.m. gagnvart gæsluvarðhaldsföngum og til dóma í síðara dæminu.